

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Selfossi, 13. febrúar 2025
UST202201-258/K.B.B.
08.14.01

Efni: Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi - Urðunarstaður við Bakkafjörð

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Langanesbyggðar (hér eftir rekstaraðili), kt. 420369-1749, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir urðunarstað sveitarfélagsins við Bakkafjörð. Urðunarstaðurinn við Bakkafjörð er með gilt starfsleyfi frá 21. mars 2018 til að taka á móti og urða allt að 200 tonn af úrgangi á ári sem gildir til 21. mars 2034.

Sótt er um undanþágu frá 7. - 11. tl. í 1. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfinu þar sem gerður er áskilnaður um skráningu á daglegum veðurathugunum. Fram kemur í umsókn rekstraraðila að ef breytingartillagan verði samþykkt muni rekstaraðili óska eftir eftir upplýsingum um daglegar veðurathuganir frá Veðurstofu Ísland og láta fylgja með árlegri skýrslu til stofnunarinnar um urðað sorpmagn.

Kröfur þær sem settar eru fram í 7.-11. tl. í 1. mgr. gr. 4.1 í starfsleyfinu byggja á 2. tl. í III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Viðaukinn fjallar um aðferðir við eftirlit og vöktun á rekstartíma urðunarstaðar og eftir lokun hans. Ákvæði í 2. tl. fjallar um veðurfræðileg gögn og gera kröfu um daglega vöktun.

Í a. lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar um urðun úrgangs er fjallað um undanþágur vegna *afskekkttra byggða* og er þar að finna heimild til þess að veita rekstaraðila undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka. Gerður er sá áskilnaður um að eingöngu verði tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgangs frá þeirri afskekktu byggð. Hugtakið *afskekkt byggð* er skilgreint í 3. gr. reglugerðarinnar sem: “landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.“ Umhverfis- og orkustofnun telur að urðunarstaðurinn sé í afskekktri byggð og að skilyrði fyrir veitingu undanþágu séu uppfyllt.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri

breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfis- og orkustofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 23. desember 2024 til 21. janúar 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 23. desember. sl. og einnig þann 8. janúar á nýjum vef Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma.

Umhverfis- og orkustofnun hefur ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi rekstaraaðila:

7.-11. tl. í 1. mgr. gr. 4.1. í starfsleyfinu fellur á brott.

Kæruheimild og kærufrestur

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á starfsleyfi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Kristín Björk Birgisdóttir
sérfræðingur